

Ómar Ingi Íþróttamaður ársins annað árið í röð



Ómar Ingi Magnússon var mjög nálægt því að ná fullu húsi stiga í kjörinu um Íþróttamann ársins. Mynd: ÍSÍ/Arnaldur

Selfyssingurinn Ómar Ingi Magnússon var kjörinn Íþróttamaður ársins, annað árið í röð, af samtökum Íþróttaféttamanna. Ómar sigraði með miklum yfirburðum með 615 atkvæði. Í öðru sæti var knattspyrnukonan Glódís Perla Vig-gósdóttir með 276 atkvæði og handboltamaðurinn Gísli Þorgeir Kristjánsson var í þriðja sæti, þremur atkvæðum á eftir Glódísi. Frá upphafi kjörsins hefur aldrei munað meira á fyrsta og öðru sæti.

Ómar Ingi spilar handbolta með Magdeburg í Þýskalandi og varð þýskur meistari og heims-meistari félagsliða með Magdeburg og var valinn markakóngur þýsku deildarinnar fyrir á árinu. Hann lét sér ekki duga að verða markakóngur þýsku deildarinnar, heldur bætti hann um betur og varð markakóngur EM með íslenska landsliðinu að auki, með 59 skorðu mörk en liðið endaði í 6. sæti á mótinu.

Hann hélt sigurför sinni áfram þegar hann var valinn besti leikmaður ársins í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í júní. Ómar fékk 65,26% atkvæði á meðan næstu menn á eftir honum voru með sitt hvor 10% atkvæða.

HGL

Selfyssingurinn Þórir Hergeirsson þjálfari ársins annað árið í röð

Selfyssingurinn Þórir Hergeirsson, þjálfari norska kvemmalandsliðsins í handbolta, var kjörinn þjálfari ársins af samtökum Íþróttaféttamanna, annað árið í röð. Þrátt fyrir að vera án fjögurra fastaleikmanna varð Noregur Evrópumeistari í nóv-

ember, undir stjórn Þóris. Þórir, sem er handhafi hinnar konunglegu norsku riddaraorðu, hefur stýrt norska landsliðinu með frábærum árangri frá árinu 2009 en hefur verið viðloðandi liðið síðan árið 2001. Hann gerði norska liðið að heimsmeisturum á HM

í desember árið 2021, varð Evrópumeistari með liðinu í des. árið 2020 og sótti bronsverðlaun á Ólympíuleikunum í Tokyo sumarið 2021 svo fátt eitt sé nefnt en af sautján stórmótum og ellefu úrslitaleikjum hefur hann leitt norska liðið til sigurs níu sinnum.



**Fáðu
fagmann
í verkið**



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki

Rafverktakar · Verslun
**Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi**



Neyðarsími 660 1160

Eyravegí 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is



Þorrablót 2023

Þorrahlaðborð frá Múlakaffi

Karl Hallgrímsson trúbator sér um að skemmta gestum

21. og 28. janúar



booking@landhotel.is
www.landhotel.is

Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands

Árlegur hátíðarfundur Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands fer fram þann 12. janúar næstkomandi. Fundurinn hefst kl. 17.00 og fer fram í sal Fjölbautaskóla Suðurlands. Á fundinum verða veittir nýir rannsóknarstyrkir og menntaverðlaun Suðurlands afhent.

Dagskrá fundarins:

1. Tónlistaratriði.
2. Fundarstjóri setur fund.
3. Fyrirverandi styrkþegi Marco Mancini kynnir verkefni sitt; The myrmecomfauna of Iceland.
4. Sveinn Aðalsteinsson, formaður dómnefndar: Störf nefndarinnar og niðurstöður.
5. Hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhendir styrkinn.
6. Ásgerður K. Gylfadóttir, formaður SASS: Menntaverðlaun Suðurlands.
7. Hr. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, afhendir menntaverðlaun Suðurlands.
8. Eyjólfur Sturlaugsson og Ingunn Jónsdóttir framkvæmdastjórnar Fræðslunetsins og Háskólafélags Suðurlands: Breyting á Vísinda- og rannsóknarsjóði Suðurlands.
9. Fundarstjóri slítur fundi.

Fundarstjóri: Sigursveinn Sigurðsson

Að fundi loknum um kl. 18.00 býður sjóðurinn öllum gestum upp á veitingar í kaffiteríu fjölbautaskólans.

Allir eru hjartanlega velkomnir



Búið er að draga úr jólamyndagátu Dagskrárinnar

Dregið hefur verið úr innsendum svörum við jólamyndagátu Dagskrárinnar. Að venju var fjöldi fólks sem tók þátt í gátunni og innsend svör fjöl-

mörg. Það var Eygló Gränz sem gerði gátuna eins og undanfarin 26 ár. Í verðlaun voru vegleg ísveisla fyrir fullorðinsmyndagátuna og frostpinnaveisla fyrir

barnamyndagátuna frá Kjörís í Hveragerði. Vinningshafar eru sem hér segir:

Myndagáta fyrir fullorðna:

Alex Ægisson,
Selfossi

Barnamyndagátan:

Þráinn Hlífar Sigrúnarson 8 ára,
Hveragerði

Fullorðinsgátan – lausn

Eftir blautt og kalt sumar hefur haustið verið gott veðurfarslega hér á landi. Öfgar í heiminum halda þó áfram og er loftslagsvánni kennt um. Þjóðir heimsins verða bara að taka höndum saman og sporna við þessari þróun ef ekki á illa að fara fyrir jörðinni og íbúum hennar. Verum góð við hvort annað.

Barnagátan – lausn

Flest börn vilja eiga snjallsíma og spjaldtölvur í dag og eru kerti og spil örugglega ekki efst á jólagjafalistanum þetta árið.

Helgarnámskeið í módelteikningu og málun

Lístrými býður upp á helgarnámskeið í módelteikningu og málun helgina 7.-8. janúar nk. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Listasafn Árnesinga þar sem námskeiðið verður haldið.

Teiknað eftir lifandi módeli með mismunandi aðferðum og verkfærum. Tilgangurinn er að byggja upp þekkingu sem nýtist sem styrkur við alla formskynjun og þrívíðan skilning upp frá þessu. Jafnt fyrir byrjendur sem lengra komna.

Leiðbeinandi er Guðrún A. Tryggvadóttir starfandi myndlistarmaður en hún hefur langa reynslu af námskeiðahaldi í myndlist, bæði rekið eigin skóla og haldið fjölda námskeiða við Listasafn Árnesinga á undanförunum árum.

Námskeiðið hefst kl. 10:00 báða dagana og lýkur kl. 17:00.

Skráning á
gudrun@tryggvadottir.com
eða í síma 8635490.



Guðmundur og Stefán ráðnir yfir framkvæmdasvið Landeldis hf.

Guðmundur Þórðarson og Stefán Sigurðsson hafa verið ráðnir yfir framkvæmdasvið Landeldis hf. Guðmundur og Stefán koma frá Leonhard Nilsen & Sønner í Noregi þar sem þeir hafa stýrt viðamiklum verkefnum á sviði jarðgangnagerðar síðastliðin ár. Þeir hefja báðir störf fyrir Landeldi hf. þann 1. janúar.

Guðmundur er húsasmíðameistari og byggingateknifræðingur frá Horsens Ingeniørhøjskole í Danmörku. Guðmundur hefur stýrt fjölda umfangsmikilla verkefna í gegnum tíðina sem eru mörg hver sérhæfð m.a. stækkun álverksmiðju ÍSAL, byggingu fôðurverksmiðju fyrir lax í Noregi, jarðgangnagerð, virkjanir á Íslandi og Grænlandi ásamt

fjölda annara verkefna.

Stefán Sigurðsson er Byggingaverkfræðingur frá Danmark Tekniske Universitet ásamt því að vera byggingateknifræðingur og húsasmíður. Stefán hefur einnig stýrt fjölda verkefna m.a. jarðgangnagerð í Noregi, fiskvinnsluhús á Dalvík, útlögn á fráveitulögn frá landi og út í sjó við Grindavík og fjöldi annara verkefna.

„Við Stefán Sigurðsson höfum fylgst með utanfrá hvernig Landeldi í Þorlákshöfn hefur þróast. Við höfum heillast af verkefninu, bæði stærð verkefnisins og jákvæðu þýðingu þess. Verkefnið er umfangsmikið og telur uppbyggingarsvæðið um 33 ha í Þorlákshöfn. Við erum

fullir tilhlökkunar og framundan eru mjög áhugaverðir og spennandi tímar“ segir Guðmundur Þórðarson.

„Guðmundur og Stefán búa yfir áratuga reynslu á verkstýringu stórra sérhæfðra- og flókinna verkefna á sviði virkjana, hafnarmannvirkja, borana, sjóvarnargarða, fráveitulögnum frá landi og út í sjó og fleira sem mun nýtast Landeldi. Reynsla þeirra og yfirgripsmikil þekking og stýring á stórum verkefnum verður okkur í Landeldi mikilvæg til að ná settum markmiðum. Landeldið í Þorlákshöfn stefnir á fulla uppbyggingu í 6 fösom til ársins 2028,“ segir Eggert Þór Kristófersson, forstjóri Landeldis hf.

Gönguskíðabraut opnar á Svarfhólsvelli

Gönguskíðabraut hefur opnað á Svarfhólsvelli á Selfossi fjórða árið í röð. Brautin er opin og það kostar ekkert að mæta.

„Veturnir eru misgóðir í þetta, síðasti vetur var til dæmis ekki góður því það var of lítill snjór, en núna er frábært færi, það er allt á kafi í snjó. Við ætlum að reyna að halda þessu úti eins og við getum og gera skíðagöngubrautir þegar veður leyfir. Við gerum þetta í samstarfi við sveitarfélagið en fyrir um 4 árum síðan keyptu þau snjósleða og afhentu okkur til þess að við getum

haldið úti þessum gönguskíðabrautum. Þetta er gert í sjálfböðavinnu, aðallega til þess að vekja athygli á vellinum og bjóða fólki velkomið á svæðið. Þetta er kjör- ið tækifæri fyrir fólki sem er ekki í golfklúbbnum og hefur ekkert kynnst þessu svæði að gera það. Umhverfið er virkilega fallegt og þar er frábært útsýni allan ársins hring. Það eru allir velkomnir, brautin er klár og veðurspáin er okkur hliðholl næstu daga svo það er um að gera að skella sér á gönguskíði á þessari fallegu braut,“ segir Hlynur Geir Hjart-

arson, framkvæmdastjóri og yfirþjálfari hjá Golfklúbbi Selfoss.



40-60%
AF ÖLLUM
JÓLAVÖRUM

20-50%
AF ÖLLUM
SVEFNSÓFUM

20-50%
AF ÖLLUM
PÚÐUM

ÚTSALA

20-50%

AFSLÁTTUR

AF ÚTSÖLUVÖRUM

20-50%
AF ÖLLUM
MOTTUM

20-50%
AF ÖLLUM
BORÐSTOFUSTÓLUM

ILVA Selfossi, Austurvegur 69

Virkir dagar 11:00 - 18:00, laugardaga 11:00 - 17:00, sunnudaga - lokað

ILVA



FERÐAFÉLAG ÁRNESINGA

Heimasíða: www.ffar.is | Facebook: Ferðafélag Árnesinga
Netfang: ffarnesinga@gmail.com | Sími 848 8148

Brottför frá Fjölbautaskólanum á Selfossi í flestar ferðir. Brottfarartími auglýstur á heimasíðu/fésbók þegar nær dregur og nánari upplýsingar um ferð. Þátttaka ókeypis, nema annað sé tekið fram.

FERÐIR 2023

Inghóll

2 skór - 7. janúar

Hefðbundin fyrsta ganga ársins á Ingólfsfjall. 9 km, 500 m hækkun.

Hengilssvæðið

2 skór - 28. janúar

Verður valin eftir veðri og aðstæðum. Auglýst nánar þegar viðburður verður settur inn.

Strandganga

2 skór - 18. febrúar

Hafnafjörður - Álfanes. Vegalengd 20 - 25 km mest á stígum.

Reykjafall - Sognar

2 skór - 11. mars

Vegalengd 12 km Hækkun 450 m.

Gosstöðvar Reykjanesi

2 skór - 1. apríl

Hringur leikinn eftir aðstæðum.

Síðasti vetradagur - Ingólfsfjall

2 skór - 20. apríl

Farin óhefðbundin leið á fjallið, leikið af fingrum fram.

Vestmanneyjar

2 skór - 6. maí

Auglýst nánar þegar viðburður verður settur inn.

Lómagnúpur

3 skór - 27. maí

Vegalengd 10 - 12 km, hækkun 690 m.

Þyrill óhefðbundinn

2 skór - 10. júní

Vegalengd 12 km, hækkun 400 m.

Þröngubásar

2 skór - 24. júní

Hluti af gljúfrum Þjórsár. Lítil hækkun, ágætt gönguland.

Sumarleyfisferð - helgarferð

3 skór - 7. - 9. júlí

Nánar auglýst síðar.

Geirhnjúkur Hítardal

3 skór - 22. júlí

Vegalengd 17 km, hækkun um 1050 m.

Vatnafjöll

2 skór - 12. ágúst

Ágætt gönguland. Hæðsti toppur nær 1100 m.

Högnhöfði

2 skór - 26. ágúst

Vegalengd 12 km, hækkun um 950 m.

Ferð erlendis

7. - 14. september

Hefur verið sent á skráða félaga.

Þórmörk

2 skór - 30. september - 1. október

Helgarferð. Gengið um Þórmörkina báða dagana.

Hrómundartindur

2 skór - 14. október

Vegalengd 15 km, hækkun 500 m.

Úlfliótsvatn - Hveragerði

2 skór - 28. október

Vegalengd 15 km, hækkun um 500 m.

Lambafell

2 skór - 18. nóvember

Hringur tekin eftir aðstæðum, hækkun 300 m.

Hellisiskógur - jólakakó

7. des.

Hefðbundin fjölskylduganga í skóginum og kakó í hellinum.

ATH. Ferðafélag Árnesinga tryggir hvorki farþega sína né farangur þeirra. Farþegar ferðast með félaginu á eigin ábyrgð.

Félagið hvetur fólk til að kaupa ferða og slysatryggingu.

Um samræmda móttöku flóttafólks í Sv. Árborg

Síðastliðin fimm ár hefur Árborg verið móttökusveitarfélag fyrir flóttafólk og tekið á móti einstaklingum frá m.a. Afganistan, Íran, Sýrlandi, Úkraínu og Venesúela. Þann 25. nóvember 2022 undirrituðu Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, Fjöla Steindóra Kristinsdóttir, bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar og Nichole Leigh Mosty, forstöðukona Fjölmenningsseturs, nýjan samning um samræmda móttöku flóttafólks í Árborg. Samningurinn kveður á um að allt að 100 flóttamenn með lögheimili í sveitarfélaginu geti fengið auka þjónustu fram til 31. desember 2023. Með samningi tryggir ríkið sveitarfélaginu fjármagn til að sinna verkefninu. Nú þegar eru yfir 60 flóttamenn sem falla undir verkefnið búsettir í sveitarfélaginu Árborg og hafa samþykkt að fá slíka þjónustu. Þetta er mjög fjölbreytur hópur, bæði einstaklingar sem og fjölskyldur, á öllum aldri en flestir komu til Árborgar á eigin vegum.

Samræmd móttaka flóttafólks nær til fólks sem fengið hefur alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi á grundvelli mannúðarsjónarmiða hér á landi. Þetta á við um fólk sem hefur komið til Íslands á eigin vegum eða í boði stjórnvalda. Umsjón með verkefninu á landsvísi er í höndum Fjölmenningsseturs. Lögð er áhersla á nauðsynlega aðstoð til að vinna úr áföllum og fólk fái tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu. Markmiðið er að tryggja flóttafólki samfellda og

jafna þjónustu óháð því hvaðan það kemur og í hvaða sveitarfélagi það kys að setjast að. Velferðarþjónusta sveitarfélagsins Árborgar sér um að tryggja samfellda og fjölbreytta þjónustu við flóttafólk. Málstjóri, starfsmaður velferðarþjónustu er tengiliður milli allra þjónustuaðila og samhæfingaraðili þjónustunnar. Flóttamenn leigja húsnaði á almennum markaði en ekki félagslegt leiguhúsnaði eða annað húsnaði í eigu sveitarfélagsins. Sveitarfélagið hjálpar þeim við leit að grunnhúsbúnaði. Málstjórinn tengir einstaklinga við heilbrigðisstofnanir og fylgir þeim eftir í einstaklingsmálum eftir þörfum. Málstjórinn útbýr einstaklingsáætlun í samvinnu við einstaklinginn auk þess að aðstoða þá við gerð umsókna, opnun bankareikninga og skráningar í helstu kerfi. Vinnumálastofnun á Suðurlandi tekur viðtöl við flóttafólk vegna atvinnuleitar og skipuleggur íslenskukennslu og samfélagsfræðslu, í samstarfi við Fræðslunet Suðurlands. Flestir fullorðnir einstaklingar sem taka þátt í verkefninu eru nú komnir í vinnu hjá ýmsum stofnunum og fyrirtækjum í Árborg en nokkrir úr hópnum eru enn í atvinnuleit með aðstoð Vinnumálastofnunnar. Rauði krossinn parar flóttafólk við sjálfbæðið sem veita sálrænan stuðning og aðstoð við að leysa úr hagnýtum málum sem koma upp í íslenskum veruleika. Í tilfelli barnafjölskyldna aðstoðar málstjórinn við að skrá börn í skóla og frístundir. Móttaka

barna í leik- og grunnskólum sveitarfélagsins sem og í Fjölbautaskóla Suðurlands hefur gengið mjög vel og stuðningur frá skóla- og frístundakerfinu hefur verið ómetanlegur.

Góð samvinna er lykillinn þess að móttaka flóttafólks takist vel. Fjölmargir aðilar hafa hingað til tekið þátt í að tryggja flóttafólki farsæla móttöku og aðlögun í sveitarfélaginu Árborg. Ber hér að nefna samstarfsaðila á svæðinu - Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Rauða krossinn í Árnessýslu og Vinnumálastofnun á Suðurlandi en haldnar eru reglulegir stöðufundir til þess að samhæfa þjónustuna. Nytjamaðurinn útvegar fataávisanir fyrir flóttafólk en einnig sveitarfélaginu til taks við leit að húsgögnum og öðrum nauðsynjum fyrir hópinn. Bæði fyrirtæki og íbúar í sveitarfélaginu hafa tekið vel á móti einstaklingunum sem taka þátt í samræmdri móttöku. Þetta samvinnuverkefni mun halda áfram á nýju ári en reynslan undanfarin fimm ár hefur sýnt okkur að stuðningur nærsamfélagsins er dýrmætur þáttur í því að skapa tækifæri fyrir flóttafólk. Með þátttöku Árborgar í verkefninu aukast líkur þeirra sem kjósa að setjast að í sveitarfélaginu að þeir aðlagist og geti tekið þátt í okkar samfélagi.

Anna Katarzyna Wozniczka, verkefnastjóri í málefnum flóttamanna og Heiða Ösp Kristjánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu hjá sveitarfélaginu Árborg



Ragna Valdís Sigurjónsdóttir er sunnlenski matgæðingurinn að þessu sinni.

Hér fáid þið innsýn í mitt allra uppáhalds meðlæti sem virkar með flest öllum mat og eitt og sér.

Rauðrófusalat með furuhnetum, granataepli, klettasalati og gráðosti
Dugar fyrir 4-6 manns.

- 3 rauðrófur ferskar.
- 1 granataepli.
- 1 poki furuhnetur.
- 1 poki af klettasalati.
- 1 kubbur af gráðost.

Penslið rauðrófurnar með olíu, stráðið salti yfir og setjið í álpappír. Bakið rauðrófurnar við 180 gráður inn í ofni í c.a 60-90 mín eða þannig til þær eru orðnar mjúkar í gegn. Kælið rauðrófurnar og skrælið svo. Skerið rauðrófurnar í meðalstóra kubba og bætið við ólífu olíu, salt og pipar og smá edik. Furuhneturnar eru létt ristaðar á pönnu og bætt við rauðrófurnar.

Anna María Friðgeirsdóttir er án efa einn mesti matgæðingur sem ég þekki og skora ég því á hana að koma með gúrme uppskrift fyrir okkur í næsta blaði.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á mánudegi.



urnar. Í lokin er bætt við granataepli, klettasalati og gráðost. Öllu blandað vel saman og borið fram á borð. Það virkar í rauninni hvaða ostur sem er í þetta salat en best er að hafa bragðmikin ost t.d geitaostur eða fetast.

Mæli hiklaust með að prófa þetta salat og ekki skemmir fyrir hvað rauðrófur eru hollar.

Verði ykkur að góðu.

Ítölensk matar- og menningarveisla á Stracta hótél

Helgina 27. og 28. janúar mun Michele Mancini (Mike), kokkurinn hans Buffon á hótelinu Stella Della Versilia, sem er í eigu Buffon fjölskyldunnar, stýra dásamlegum gala- kvöldverðum á Stracta ásamt Hilmarí Þóri Harðarsyni og hans kokkagengi á Stracta hótél á Hellu.

Einnig verður Einar Björn (Einsi Kaldi/Freddo) á hliðarlínunni til að allt fari vel fram en hann og Mike eru þeluvínir.

Andrea Falaschi, mjög þekktur kjötiðnaðarmaður mætir, og verður með námskeið og á bístróinu verður salami og hráskinka frá honum á boð-

stólum, þ.e. í hádeginu fös., lau. og sun. Hann hefur þróað íslenskt-ítalskt hrá lamb, sjúklega gott og hver veit nema að hann taki smakk með sér? Allar vörur frá þeim Falaschi feðgum eru án rotvarnarefna, en þær verða til sölu þessa helgi.

Halla Margrét (að öllum líkindum) og Alexander Jarl, óperusöngvarar sem hafa búið og starfað á Ítalíu í fjölmörg ár munu sjá um söng.

Claudio og Marco Savini, frá Savitar mæta með trufflur og trufflurvörur. Claudio hefur verið útnefndur „ambassador“ ítölsku trufflunnar erlendis, en hann byrjaði á að kynna hana í Brasil-

íu fyrir nokkrum tugum ára. Í dag er hann í miklu vinfengi við marga af þekktustu kokkum heims eins og Alex Atala. Þær verða kynntar og einnig gefið smakk. Hægt verður að kaupa vörur til að taka með heim og svo verða þær auðvitað í einhverjum hlutverkum á gala- kvöldverðunum og á bístróinu í bland við vörurnar frá Falaschi feðgum.

Bæði Buffon og Ronaldo hafa verið „ambassadorar“ hvítu trufflunnar, fyrir hönd Savitar. Hver veit nema þeir félagar mæti?

Gísli Kristófersson verður líklega með kynningu á sérstök-



um rétt, þ.e. hvíttrufflu hunang með harðfisk, en hann er afar ljúfur, þ.e. þeir báðir Gísli og harðfiskurinn.

Að lokum mæta Alberto (hann er nokkurs konar Guðfaðir þessa hóps, þar sem hann stóð fyrir fyrstu Íslandsheimsókn megninu af þátttakendum) og Pep fyrrverandi þingmaður af spænska þinginu, en þeir eru einlægir Íslandsvínir. Þeir munu kynna dásamlega eyju skammt frá Ibiza, en sú eyja heitir Formentera og er t.a.m. uppáhalds dvalarstaður Erró.

Þeir verða með kynningu á vínunum og mat frá þessari Paradísareyju, ásamt því að ráðleggja fólki um gistingu sem þeir báðir hafa uppá að bjóða.

Páll Magnússon mun sjá um veislustjórn annað kvöldið, en

hann kom sérstaklega til Ítalíu í haust til að kynna þátttakendum og fara yfir dagskrá helgarinnar. Sigmar Vilhjálmsson stýrir hinu kvöldinu en hann er líka búinn að taka hús á öllum þátttakendum á Ítalíu.

Svo verða bæði vín- og matarkynningar, þannig að allir ættu að finna eitthvað sér til hæfis.

Í galakvöldverðunum verður dreypt á vínunum, margskonar ítölskum kokteilum og boðið verður upp á marga af bestu réttum Ítala, m.a. sgabei (djúpsteykt brauð) með lardo, bruschettu með kjúklingalífur með hvítu trufflu, ýmsar tegundir af salami frá Falaschi feðgum, hvíttrufflu osta ídyfa o.fl. Ravióli fyllt með trufflunauki frá Savitar og svo mætti lengi telja.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraey 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.

Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 856 0573, helga@dfs.is.

Blaðamaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.200 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X

Gáta vikunnar

Vísnaðgátur-höf: Páll Jónsson
Útg. Bókauktgáfan HÖLAR

Orðin tengja asna má, oft það lifnar fjöllum á, endurmótar feita frú og fötin þurrkar, gettu nú.

Svar við gátu í blaði 2681: **FLEYGUR**
1. Ferðafleygur (vasapeli) - 2. Bárufleygur (skinnbeldur fullur af lýsi sem var sett í sjóinn í brimlendingu) - 3. Fleygur til að kljúfa timbur

Nýárskveðja frá Krabbameinsfélagi Árnessýslu

Öflugu og viðburðaríku ári er nú lokið og ánægjulegt að líta um öxl og rifja upp magnaðar stundir. Félagið stóð fyrir mörgum skemmtilegum viðburðum á liðnu ári, bæði fræðslum, námskeiðum og stærri viðburðum sem fest hafa sig í sessi í starfsemi félagsins.

Ber að nefna Styrkleikana sem haldnir voru í lok apríl í fyrsta sinn á Íslandi. Styrkleikarnir eru alþjóðlegur sólarhrings viðburður sem felst í að halda boðhlaupskefli á hreyfingu í heilan sólarhring. Lið skrá sig til leiks og taka þátt í viðburðinum á fjölbreyttan og táknrænan hátt. Fjöldi sjálfbóðaliða, fyrirtækja og stofnana lögðu sitt í verk efnið og úr varð einn magnaðisti viðburður sem margir hafa upplifað. Kraftur, samhyggð og samstaða eru þau lýsingarorð sem ná hvað sterkast utan um upplifunina sem átti sér stað á þessum viðburði. Styrkleikarnir verða haldnir aftur á Selfossi í lok apríl 2023. Er undirbúningur þegar hafinn og tilhlökkunin er mikil. Öllum sem komu að undirbúningi og framkvæmd Styrkleikanna 2022 eru færðar einlægar þakkir fyrir þeirra framlag.

Bleika boðið sem haldið er árlega í október hefur fest sig í sessi sem einn stærsti fjáröflunarviðburður félagsins. Á nýliðnu ári var fjöldi gesta á Bleika boðinu gríðarlega mikill, gleðin var allsráðandi og safnaðist fjármagn sem styrkir félagið til áframhaldandi starfsemi. Þess ber að geta að allir listamenn, framkvæmdaraðilar og Hótel Selfoss gefa vinnu sína og aðföng til viðburðarins og eru þeim færðar innilegar þakkir. Fjáröflunin felst í sölu happdrættismiða þar sem hver vinningur er öðrum glæsilegri og ber að þakka öllum þeim verslunum og fyrirtækjum sem lagt hafa til vinninga í happdrættið. Margir mikilvægir samstarfsaðilar koma að viðburði sem Bleika boðinu og færir félagið þeim öllum miklar þakkir fyrir þeirra framlag og stuðning.

Starfsemi félagsins hefur aðsetur að Eyravegi 31 á Selfossi. Félagið flutti inn í húsnæðið í október 2020 og hefur haldið úti reglulegum opnunartímum þrisvar sinnum í viku nær allt árið um kring. Sjálfbóðaliðar standa vaktina og taka hlýlega á móti félagsmönnum með heitu kaffi og umhyggju. Rekstur húsnæðisins er fjármagnaður með styrkjum Bakhjarla sem leggja félaginu til fjármagn ýmist mánaðarlega eða árlega. Bakhjarlarnir eru orðnir margir og er þeirra framlag forsenda þess að mögulegt er að halda félags-

aðstöðunni gangandi. Öllum Bakhjörum eru sendar innilegar þakkir fyrir stuðninginn.

Félagið hefur síðuðustu tvö ár þróað endurhæfingarverkefni með stuðningi og styrkjum frá Krabbameinsfélagi Íslands. Verkefnið hefur vaxið mikið og er orðið mikilvægur þáttur í starfseminni. Í endurhæfingunni er lögð áhersla á andlega-félagslega og líkamlega endurhæfingu.

Það er mörgum sem vert er að þakka fyrir stuðning og aðkomu að starfsemi félagsins. Fyrirtæki, einstaklingar og stofnanir hafa bæði gefið vinnu sína og fjármagn til starfseminnar og er óhætt að fullyrða að Krabbameinsfélag Árnessýslu hefði ekki vaxið líkt og raun ber vitni, nema með þeirra styrkjum. Biðlum við til þeirra sem eiga, að meðtaka innilegar þakkir fyrir.

Nú er nýtt og spennandi starfsár gengið í garð. Stjórn Krabbameinsfélags Árnessýslu er þegar byrjuð að skipuleggja og vinna að viðburðum og öflugri starfsemi með það að markmiði að styðja við og styrkja einstaklinga og aðstandendur sem eru eða hafa tekist á við krabbamein. Við erum full tilhlökkunar fyrir nýja árinu, öllum þeim viðburðum og starfsemi sem framundan er og horfum bjartsýn til framtíðar.

Óskum öllum góðrar heilsu og farsældar á nýju ári. Fyrir hönd stjórnar Krabbameinsfélags Árnessýslu

Svanhildur Ólafsdóttir, formaður.

FOSS stéttafélag í almannajónustu, á Suðurlandi óskar eftir að leigja sumarhús sumarið 2023.

Óskum eftir húsi fyrir lágmark 6 manns. Best væri ef pottur fylgir húsinu.

Óskum eftir fjöggra mánaða leigu yfir sumarið. Öruggar tekjur.

Nánari upplýsingar í netfangi foss@foss.bsrb.is eða í síma 482-2760.



Fáðu tilboð í auglýsingarnar Auglýsingasíminn er 482 1944

Aðalfundur Hestamannafélagsins Ljúfs

Verður haldinn í Félagsheimili Ljúfs, sunnudaginn 15. janúar 2023 kl. 14:00.

Dagskrá fundarins:

- Breytingar á lögum Hmf. Ljúfs, sjá breytinga-tillögur á heimasíðu Ljúfs: www.ljufur.is
- Kosning formanns og ritara
- Venjuleg aðalfundarstörf



Stjórn Ljúfs



STÖRF Í FERÐAÞJÓNUSTU

Southcoast Adventure, ferðaþjónustufyrirtæki á Hvalsvellir, leitar að metnaðarfullum einstaklingum með ríka þjónustulund. Í boði er starf hjá rótgrónu og traustu fyrirtæki í ferðaþjónustu.

Óskað er eftir:

Atvinnubílstjóri/Leiðsögumaður

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Aukin ökuréttindi (D-ökuréttindi) og rútupróf.
- Góð íslensku og enskukunnátta.
- Reynsla af leiðsögn kostur.
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð.

Umsóknnum þarf að fylgja ferilsskrá ásamt kynningarbréfi, þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni og áhuga á starfinu. Æskilegt er að nýr starfsmaður geti hafið störf sem fyrst en það er umsemjanlegt.

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á info@southadventure.is. Öllum umsóknnum verður svarað.

www.southadventure.is

FRÉTTAANNÁL DAG

Janúar

Ómar Ingi Magnússon frá Selfossi var, í lok desember, valinn íþróttamaður ársins 2021 af Samtökum íþróttafréttamanna. Ómar spilar handknattleik með Magdeburg í Þýskalandi og varð markakóngur þýsku deildarinnar. Hann lét sér ekki duga að verða markakóngur þýsku deildarinnar, heldur bætti hann um betur og varð markakóngur EM að auki með 59 skorðuð mörk. Hinir Selfyssingarnir í landsliðinu voru einnig atkvæðamiklir á mótinu og skorðuðu allir fimm samtals 114 af 230 mörkum liðsins. Bjarki Már 27 mörk, Elvar Jónsson 12 mörk, Janus Daði Smásson 12 mörk og Teitur Örn Einarsson 4 mörk.

Selfyssingurinn Þórir Hergeirsson, þjálfari Norska kvennalandsliðsins í handknattleik var kjörinn þjálfari ársins af Samtökum íþróttafréttamanna í lok desember.

Yfir 50 útköll voru hjá Brunavörnum Árnessýslu um áramótin, meðal annars vegna gróðurelda í Hamrinum fyrir ofan Hveragerði.

Hermann Örn Kristjánsson var ráðinn skólastjóri Sunnulækjarskóla og tók við starfinu þann 1. apríl.

Magnús J. Magnússon, fyrrum skólastjóri Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri hlaut Menntaverðlaun Suðurlands fyrir framlag sitt til eflingar leiklistarstarfs meðal grunnskólanema en Magnús hefur í áratugi stýrt leiklistarkennslu í þeim skólum sem hann hefur starfað við.

Fyrsta hinsegin vika Árborgar var haldin og gekk vonum frammar. Margir íbúar tóku virkan þátt í hátíðahöldunum og voru fjölmörg fyrirtæki og stofnanir sem lögðu sitt af mörkum til að mála sveitarfélagið í regnbogalitunum.

Skóflustunga var tekin að nýjum 60 barna leikskóla í Vík í Mýrdal en mikil þörf er á fjölgun leikskólalássa í Mýrdalshreppi þar sem fæðingar hafa sjaldan verið fleiri en undanfarin ár.

Framkvæmdum við stækkun Lækjabotnaveitu lauk, en þær höfðu staðið yfir frá árinu 2019.

Febrúar

Snjó kyngdi niður og hver lægðin fylgdi þeirri næstu. Fylgdi þessum veðurhamförum mikil ófærð og var vegum víða lokað.

Umfangsmikil leitaraðgerð fór af stað þann 3. febrúar þar sem flugvél með fjóra innanborðs, þrjá erlenda ferðamenn og íslenskan flugmann, hafði lent í Ölfusvatnsvík í Þingvallavatni en enginn þeirra komst lífs af. Tók það viðbragðsaðila marga daga við verulega erfiðar aðstæður í ljósi óveðurs og mikillar ísingar á vatninu að ná mönnunum upp úr vatninu. En flak vélarinnar var hið úr vatninu þann 22. apríl.

Selfyssingurinn Sr. Dagur Fannar Magnússon var ráðinn prestur í Skálholtsprestakalli og tók við störfum þann 1. apríl.

Hin stórefnilega Eva María Baldursdóttir frá Selfossi náði þeim frábæra árangri að krækja sér í 4. sæti í hástökki á norðurlandamótinu í fullorðinsflokki. Eva María sem er aðeins 18 ára gömul

var næst yngst keppenda í hástökki og því stórkostlegt að ná fjórða sæti.

Mikið var rætt um húsnæðismál Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri, en úttekt Eflu verkfræðistofu leiddi í ljós að hús skólans á Eyrarbakka væri heilsuspillandi og ekki hæft til notkunar. Var húsnæðinu lokað tafarlaust og færðist skólahald yfir í tvö hús á Eyrarbakka. Skólastarf á Stokkseyri var einnig dreift og snúið en einnig fannst mygla í gömlu skólabyggingunni á Stokkseyri.

Í Hveragerði sýndi hinn 14 ára Arnór Ingi Davíðsson mikið snarræði og hárrétt viðbrögð þegar 10 ára bróðir hans, Bjarki Þór Davíðsson, grófst undir snjóhengju sem hafði fallið niður hlíð Hamarsins þar sem þeir voru að leik. Hann staðsetti bróður sinn í flóðinu, gróf frá andliti hans og hringdi í Neyðarlínum eftir aðstoð. Sá stutti bar sig vel eftir atvikum en slapp með minniháttar áverka.

Hamarshöllin, helsta íþróttamannvirki Hveragerðisbæjar, sprakk í ofsaverði þann 22. Gat hafði myndast í óveðrinu og mikil mildi þykir að enginn hafi slasast þegar dúkurinn, sem gegnt hafði hlutverki veggja og lofts byggingarinnar fauk af í heilu lagi.



Mars

Knattspyrnufélagið Uppsveitir hlaut Grasrótarverðlaun KSÍ fyrir frábært uppbyggingarstarf í knattspyrnu barna og unglinga.

Sveitarstjórn Rangárbings ytra mót-mælti harðlega lokun pósthússins á Hellu og krafðist þess að Íslandsþóstur drægi fyrirætlanir um að pósthjónusta á svæðinu yrði einungis í formi pósthólfa og heimsendinga til baka, á forsendum þess að pósthús væri mikilvæg lífæð almenningar þjónustu í hverju samfélagi.

Suðurlandsdeildin í hestaíþróttum fór af stað með 56 knöpum skráðum til leiks.

Grunnskólinn í Hveragerði átti fjóra vinningshafa í ensku smásagnakeppninni 2021 sem félag enskukennara (FEKÍ) heldur í tilefni af evrópska tungumáladeginum þann 26. september. Skólinn hefur tekið þátt í landskeppninni samfelld frá árinu 2012 með afbragðsgóðum árangri. Eliza Reud forsetafrú afhenti verðlaunin ásamt stjórn FEKÍ. Hrór Ingi Hallsson, Bryndís Klara Árnadóttir, Sigurður Grétar Gunnarsson og Dagbjört Fanný Stefánsdóttir voru þau sem hlutu verðlaun.

Sindri, Johan Rønning og Vatn & veitur opnuðu fagmannaverslun að Austurvegi 69 á Selfossi.

Tímamót urðu við Héraðsdóm Suðurlands þegar Hjörtur Októ Aðalsteinsson lét af störfum sem dómari við Héraðsdóm Suðurlands en hann hafði gegnt því starfi frá ársbyrjun 2004. Einar Karl Hallvarðarson, fráfarandi ríkislögreglumaður tók við embættinu þann 28. febrúar.

Fullt var útúr dyrum á stofnfundi Ferðafélags Rangæinga á Hellu og var stofnun félagsins samþykkt einróma með dúndrandi lófataki. Starfssvæði félagsins eru héraðsmörk Rangárvallasýslu og nágrennis. Stefnt var að því að skipuleggja meðal annars langar og stuttar, léttar og erfiðari göngur, hjólaferðir og hvers konar útivist.

Emilía Huguín Lárusdóttir frá Þorlákshöfn sigraði í Söngkeppni NFSu með lagi Ettu James, *I'd rather go blind*. Og var þar með valinn fulltrúi FSu í Söngkeppni framhaldsskólanna.

Mjólkurbúið í miðbæ á Selfoss hlaut verðlaun fyrir fegurstu nýbyggingu Norðurlanda. Verðlaunin komu frá MAM-INNA, alþjóðlegri arkitektúr- hreyfingu og samtökum sem hafa það að markmiði að bæta umhverfi, ýta undir fallegan arkitektúr og að skapa vettvang fyrir almennig til að viðra sínar skoðanir er varða arkitektúr.

Apríl

Þorlákshafnarmærin Emilía Huguín Lárusdóttir, ásamt skólahljómsveit Fjölbautarskóla Suðurlands, gerði sér lítið fyrir og sigraði í Söngkeppni framhaldsskólanna með lagi Ettu James *I'd rather go blind*.

Selfyssingar tryggðu sér deildarmeistaratil í Grill 66 deild kvenna í handbolta og tryggðu sér þar með sæti í Ólisdeildinni á næsta keppnistímabili. Í lokaleiknum lögðu þær ungmennalið ÍBV örugglega að velli með lökatölurnar 25-37.

Konungskaffi við Brúartorg á Selfossi opnaði dyr sínar óvænt á sumardaginn fyrsta. Leyfið barst þeim á fyrsta degi sumars svo ákveðið var að slá til og óvænti opnunardagurinn gekk vonum frammar.

Leikfélag FSu var endurvakið eftir

langan veirusvefn og flutti stórkostlegan, frumsaminn gamansöngleik sem bar nafnið Á bakvið tjöldin sem Hanna Tara Björnsdóttir, Helga Melsted, Sigríður Fjóra Þórarinsdóttir og Svala Norðdahl, nemendur FSu sömdu.

Mai

Fyrstu Styrkleikar Krabbameinsfélags Íslands voru haldnir á Selfossi. Leikarnir eru alþjóðlegur viðburður sem fer árlega fr m á yfir 5000 stöðum í meira en 30 löndum víðsvegar um heiminn. Styrkleikarnir standa yfir í heilan sólarhring, en þannig eru þeir táknrænir fyrir það að engin hvíld fái frá krabbameini. Þegar mest lét var áætlað að um 1000 manns hafi verið í húsi en þáttakendur gengu 19.812 hringi samanlagt eða 4755 kílómetra.



Skóflustunga var tekin að nýju heilsusamfélagi í Hveragerði sem kemur til með að innihalda 84 sjálfbærnisvottaðar íbúðir.

Í samkomulagi sem mennta- og barnamálaráðherra og háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðherra kynntu í ríkisstjórn var rekstur starfsmenntanáms í garðyrkju og skyldum greinum tryggður. Þar með gat Fjölbautaskóli Suðurlands boðið öllu starfsfólki Landbúnaðarháskóla Íslands sem sinnt hafði kennslu og tengdum störfum á Reykjum ráðningu frá 1. ágúst

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram og víða urðu breytingar á meirihlutum í sveitarstjórnunum:

- Í Bláskógabyggð var T-listinn með 5 kjörna fulltrúa og Þ-listinn með 2.
- Í Flóahreppi var I-Framfaralistinn með 3 kjörna fulltrúa og T-listinn með 2.
- Í Grimsnes- og Grafningshreppi var E-listinn með 3 kjörna fulltrúa og G-listinn með 2.
- Í Hrunamannahreppi var D-listi sjálfstæðisflokks og óháðra með 3 kjörna fulltrúa og L-listinn með 2.
- Í Hveragerðisbæ var O-listi Okkar Hveragerðis með 3 kjörna fulltrúa, B-listi Framsóknar með 2 og D-listi Sjálfstæðisfélags Hveragerðis með 2.
- Í Mýrdalshreppi var B-listi Framsóknar og óháðra með 3 kjörna fulltrúa og A-listi allra með 2.
- Í Rangárbíngi eystra var D- Listi Sjálfstæðismanna og annarra lýðræðissinna með 3 kjörna fulltrúa, B-listi Framsóknar og annarra framfarasinna með 3 og N-nýji óháði listinn með 1.
- Í Rangárbíngi ytra var Á-listi áhugafólks um sveitarstjórnarmál með 4 kjörna fulltrúa og D-listi Sjálfstæðisflokksins með 3.
- Í Skaftárhreppi var Ö-listi Öflugssamfélags með 4 kjörna fulltrúa og D-listi Sjálfstæðisflokksins með 1.
- Í Skeiða- og Gnúpverjahreppi var L-Samvinnulistinn með 3 kjörna fulltrúa, E-listi uppbyggingar með 1 og U-listi Umhyggju, umhverfis og uppbyggingar með 1.
- Í Sveitarfélaginu Árborg var D-listi Sjálfstæðisflokks með 6 kjörna fulltrúa, B-listi Framsóknar með 2, S-listi Samfylkingarinnar með 2 og Á-listi Áfram Árborgar með 1.
- Í Sveitarfélaginu Ölfusi var D-listi Sjálfstæðisflokksins með 4 kjörna fulltrúa, B-listi Framfarasinna með 2 og H-Íbúalistinn í Ölfusi með 1.
- Fjóra S. Kristinsdóttir tók við Bæjarstjórn Árborgar og Aldís Hafsteinsdóttir færði sig úr Hveragerði þegar hún tók við sveitarstjórn í Hrunamannahreppi.

DAGSKRÁRINNAR 2022

2022. Ákveðið var að umsýsla Reykja-torfunnar og mannvirkja fyrrum Garð-yrkjuskólans á Reykjum í Ölfusi flyttist frá Landbúnaðarháskóla Íslands til Framkvæmdaýslunnar – Ríkiseigna við upp-haf haustannar 2022.

Brunavarnir Árnassýslu tóku í notkun glænýjan stigabíl sem smíðaður var hjá Echelles Riffaut í Frakklandi. Bíllinn nær 33 metra í hæstu stöðu og býður upp á mun fleiri möguleika en forveri hans.

Selfosshöllin, sem fékk síðar nafnið Lindex-höllin, var formlega opnuð með pompi og prakt. Boðið var upp á tónlist-aratriði og gestir gátu fyllt mallakútana af grilluðum pylsum í þessari glæsilegu íþróttahöll Árborgar.

Nýja hjúkrunarheimilið við Árveg fékk nafnið Móberg. Kristín Jóna Símonardóttir átti tillöguna og vísaði með henni í bæjarfjall Selfoss, Ingólfsfjall sem einkum er gert úr móbergi.

Torfærusumarið fór vel af stað þegar Sindra-torfæran á Hellu var haldin. Um var að ræða fyrstu og aðra umferð Ís-landsmótsins í torfæru.

Bindandi samkomulag um byggingu miðbæjar í Þorlákshöfn var undirritað. Samkomulagið byggir á gildandi aðal-skipulagi með áherslu á hvernig má nýta svæðið í kringum Selvogsbrautina til að skapa manneskjulegan og fallegan miðbæ sem kemur til með að rísa norðan Selvogsbrautar.

Veitingastaðurinn Local opnaði nýjan veitingastað í sama húsnæði og Lyfja, við Austurveg 44, Selfossi.

Mikil gróska var í byggingu íbúðar-húsnæðis í Vík. Reiknað var með því að framkvæmdir 32 íbúða hæfust á árinu.

Fjölbrautaskóli Suðurlands og Menntaskólinn að Laugarvatni útskrifuðu samanlagt 173 nemendur, þar af voru 128 úr FSu og 45 úr ML. Dúx FSu var Bjarni Már Stefánsson og Gísella Hannesdóttir var Dúx ML.

Björgvin Karl Guðmundsson landaði öðru sæti í undanúrslitum á Lowlands Throwdown í Amsterdam í Hollandi. Sá árangur kom honum beinustu leið inn á heimsleikana í CrossFit sem haldnir voru í Bandaríkjunum 4.-7. ágúst.

Lið Flóaskóla sigraði í Skólahreysti sem fram fór í íþróttahöllinni Mýrinni í Garðabæ. Þau Þórunn Ólafsdóttir, Hanna Dóra Höskuldsdóttir, Viðar Hrafn Vic-torsson og Auðunn Ingi Davíðsson skipa liðið ásamt varamönnum Oddi Olav Davíðssyni og Jóhönnu Pálmadóttur und-ir leiðsögn þjálfarans og íþróttakennarans Örvars Rafns Hlíðdal.



Júní

75 ára afmælistíð FRÍ var haldið á Sel-fossvelli í byrjun mánaðar og náðist frá-bær árangur á mótinu.

Fasteignamat í Hveragerðisbæ hækk-

aði um 32,3% en Árborg fylgdi fast á hæla Hvergerðinga með 32,1% hækkun.

Römpum upp Ísland átakið hófst við hátíðlega athöfn þegar fyrsti rampurinn var vígður við Matkrána í Hveragerði. Var hann sá fyrsti af 1000 sem stendur til að reisa víðsvegar um landið í áttakinu.

Söguleg stund átti sér stað í Skálholti þegar ný, dönsk kirkjuklukka var hífð upp í kirkjuturn Skálholtskirkju, en sú gamla hafði brotnað 20 árum áður.



Stytta af Agli Thorarensen sem Halla Gunnarsdóttir, myndhöggvari, hafði gert var afhjúpuð við mikla athöfn í miðbæ Selfoss.

Nýjar bæjar- og sveitarstjórnir tóku víða við. Ásta Stefánsdóttir hélt stöðu sinni sem sveitarstjóri Bláskógabyggðar, sem og Elliði Vignisson, sveitarstjóri í Ölfusi, Fjöla St. Kristinsdóttir tók við bæjarstjórakeflinu í Árborg og Einar Freyr Elínarson tók við sveitarstjórn í Mýrdalshreppi.

Kjarr restaurant opnaði á Kirkjubæjar-klaustri á þjóðhátíðardaginn í húsi sem var reist árið 1938 og hósti áður hótél og síðar starfsemi Kirkjubæjarstofu.

Þau Drífa Hjartardóttir og Guðni Guð-mundsson voru sæmd fálkaorðu forseta Íslands á þjóðhátíðardaginn. Drífa, sem er bóndi á Keldum á Rangárvöllum og fyrrverandi alþingismaður, fékk orðuna fyrir sveitarstjórnarstörf og framlag til menningarmála í heimabyggð og Guðni, bóndi á Þverlæk fyrir framlag til um-hverfisverndar og samfélagsþjónustu.

Jónsmessuhátíð á Eyrarbakka var haldin helgina 24.-25. júní og fór vel fram við mikinn fögnuð allra eftir mögur Covid-ár.

Ómar Ingi Magnússon hélt sigurför sinni áfram þegar hann var valinn leik-maður ársins í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta. Ómar fékk 65,26% atkvæði á meðan næstu menn á eftir honum voru með síthvor 10% atkvæða.

Júlí

Fjölara tónlistarhátíðin *Allt í blóma* fór vel fram í Hveragerði, sömuleiðis Bryggjuhátíðin á Stokkseyri í blíðskapar-veðri í byrjun mánaðar. Metaðsókn var á Kótelettuna á Selfossi viku seinna, þrátt fyrir verstu veðurspá í sögu hátíðarinnar.

Landsmót hestamanna fór fram á bökkum Rangár þessa sömu helgi og fyrir utan nokkrar raskanir á dagskrá sök-um veðurs í upphafi móts gekk mótshald vonum fram og altalað var að sjaldan eða aldrei hefði annar eins hestakostur komið saman á einum stað.

Miðbar opnaði í miðbæ Selfoss en fyrr á árinu hafði verið efnt til nafnasam-keppni þar sem nafnið Miðbar varð fyrir valinu.

Iða Marsibil var ráðinn nýr sveitar-stjóri Grímsnes- og Grafningshrepps, Jón G. Valgeirsson var ráðinn sveitarstjóri Rangárþings ytra og Geir Sveinsson var ráðinn bæjarstjóri í Hveragerðisbæ.

Ágúst

Hátt í 5000 manns mættu á langþráð Unglingalandsmót á Selfossi.

Fjölskyldu- og bæjarhátíðin *Flúðir um versló* var haldin í 5. skiptið. Fjölmennnt var á hátíðinni enda mikið um að vera.

Brekksöngnum frá Þjóðhátíð í Vest-mannaeyjum var varpað á stórt tjald á Brúartorgi í miðbæ Selfoss á aðfaranótt frídags verslunarmanna. Fjöldi fólks safnaðist þar saman og naut þess að hlusta og syngja með.

Hamingjan við hafið fór fram frá 2.-6. ágúst í Þorlákshöfn þar sem nóg var um að vera fyrir alla aldursþópa og hátt í 100 manns komu fram á stórtónleikum sem settir voru saman vegna 70 ára afmælis Þorlákshafnar ári áður en fresta þurfti vegna samkomutakmarkana.

Töðugjöld á Hellu fóru vel fram að vanda og var virkilega vel mætt á þessa sígildu hátíð. BMX brós vígðu nýjan brettaagarð með sýningu og námskeiði sem var vel sótt af uppnennandi BMX köppum.

Sunnlendingurinn Valgerður Ein-arsdóttir Hjaltsted vann brons úrslita-leik einstaklinga í bogfimi örugglega 6-2 gegn Elin Merethe Kristiansen frá Noregi á Norðurlandameistaramóti ungmenna (NUM) í Kemi í Finnlandi.

Ellefubúsundasti íbúi Árborgar, Sóley Embla Sindradóttir var boðin velkomin en hún fæddist þann 21. júní.

Römpum upp Ísland gekk heldur betur vel og var hundraðasti rampurinn vígður við hátíðlega athöfn þann 9. ágúst, við Sjóminjasafnið á Eyrarbakka.



Einar Kristján Jónsson var ráðinn sem sveitarstjóri Skaftárhrepps.

Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Þorlákshöfn og Þorvaldur Garðarsson, eigandi Hrímgrundar skrifuðu undir Verksamning um byggingu þjónustukjarna Öldrunarheimilis við Egilsbraut 9 í Þorlákshöfn. Um er að ræða tæplega 150 m stækkun á núverandi húsnæði, ætlað til að bæta verulega þjónustu dagvalar.

Blómstrandi dagar í Hveragerði fóru vel fram. Fjöldi fólks lagði leið sína til Hveragerðis á þessa skemmtilegu hátíð en boðið var upp á fjöldan allan af skemmtilegum viðburðum fyrir alla fjöl-skylduna.

Kjötsúpúhátíðin á Hvolsvelli tókst af-bragðsvel. Veðrið lék við hvern sinn fing-ur og íbúar og gestir þeirra fjölmenntu á þá viðburði sem í boði voru.

Mikill fögnuður var á bökkum Sogs-

ins við langþráð reisugildi Laxabakka. Það hafði gengið á ýmsu undanfarin ár en eftir að sáttir náðust um allan ágreining hófst uppbygging af fullum krafti.

Regnbogavika Sólheima var haldin í lok ágúst. Þessi óformlegi viðburður hefur verið haldin undanfarin ár og er orðinn fastur liður á sumrin.

Ný móttökustöð fyrir seyru sem stað-sett er á Flúðum í Hrunamannahreppi var formlega opnuð í síðustu viku ágústmán-aðar.

Fyrsta skóflustungan að nýrri hreinsi-stöð við Geitanes á Selfossi var tekin. Meginmarkmið framkvæmdarinnar er að koma á hreinsun skólps frá byggðinni á Selfossi sem fyllir örugglega skilyrði laga og reglugerða samhliða því að vernda al-menning og umhverfið gegn mengun af völdum fráveitu frá Selfossi.

Íslandsmeistaramótið í motocross fór fram í fimm umferðum yfir sum-arið. Fjöldi keppenda keppti fyrir hönd UMFS og komust nokkrir þeirra á pall. Í síðustu umferðinni sem fram fór í ágúst-lok tryggði Eric Máni Guðmundsson sér Íslandsmeistaratitil með akstri sínum í unglingaflokki og lenti í fyrsta sæti í sínum flokki eftir daginn, Alexander Adam Kuc lenti í öðru sæti í MX2, Ragn-heiður Brynjólfssdóttir lenti í þriðja sæti í kvennaflokki 30+, Ásta Petrea Hann-esdóttir lenti í fjórða sæti í kvennaflokki.

September

Sauðfjárnendur höfðu í nógu að snúast þar sem smölun og réttir fóru fram um allt land í óvenju góðu veðri.

Umferð var hleypt um nýtt hringtorg sem leiddi saman Biskupstungnabraut og Suðurlandsveg samtímis var fjögurra kílómetra vegkafla frá Biskupstungn-abraut að Kirkjuferjuvegi opnaður. Vest-asti hluti vegkaflans sem opnaði átti ekki að opna fyrr en vorið 2023 svo að verk-lok voru 6-8 mánuðum á undan áætlan.



Brotist var inn í Sportbæ á Selfossi í skjóli nætur. Þjófarnir höfðu flett upp klæðningu á húsinu að baka til, sagað gat á vegginn og látið greipar sópa á lager verslunarinnar.

Kia Gullhringurinn fór fram í ágætu veðri á Selfossi eftir að hafa verið frestað vegna lélegar skráningar yfir hásumarið. Á laugardegnum gengu skúrir yfir þau sem hjóluðu 43-59 km en glampandi sól skein á þáttakendur í Votmúlahring fjöl-skyldunnar sem hjólaður var á sunnudeg-num.

Forsætisráðherra var boðið til athafnar í skóginum á Kirkjubæjarklaustri þar sem hæsta tré landsins var útnefnt tré ársins af Skógræktarfélagi Íslands. Tréð sem er sitkagreni var gróðursett af fjölskyldunni á Klaustri árið 1949 og reyndist það vera

30,15 metrar á hæð. Er tréð það fyrsta sem nær yfir 30 metra hæð á Íslandi frá því fyrir ísöld.

Skógræktarfélag Selfoss fagnaði 70 ára afmæli á árinu og var að því tilefni upp á ferð í Neðri Laugadælaeyju þar sem bátasveit Björgunarfélags Árborgar sá um að ferja gesti út í eyju.

5. flokkur karla í knattspyrnu á Selfossi vann riðil sinn á Íslandsmótinu nokkuð örgglega en þeir sigruðu alla sína 9 leiki, skoruðu 62 mörk og fengu á sig 10. Selfoss landaði Íslandsmeistaratitlinum eftir að hafa sigrað tvo leiki í úrslitakeppni E-liða.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfisorku- og loftslagsráðherra tóku þátt í athöfn við Geysi þar sem Guðlaugur Þór staðfesti stjórnumar- og verndaráætlun Geysissvæðisins, en svæðið var friðlýst þann 17. júní árið 2020.

Leikfélag Hveragerðis varð 75 ára fyrr á árinu og af því tilefni var ákveðið að setja upp ævintýrið um Benedikt búalf. Það er skemmst frá því að segja að sýningin hafi slegið í gegn en hún er enn í gangi og búið að auglýsa sýningar í janúar og febrúar á þessu ári.

Mikill viðbúnaður var við skólalöð Vallaskóla á Selfossi eftir að lögreglan á Suðurlandi fékk tilkynningu um tortryggilegan hlut sem drengir hefðu verið að vasast með við gatnamót Tryggvagötu og Engjavegar. Var sersveit ríkislögreglustjóra kölluð til með búnað til að leysa verkefnið. Sersveitarmenn eyddu tortryggilega hlutnum og á meðan var svæði í um 100 metra radíus umhverfis vettvanginn lokað. Samkvæmt tilkynningu frá lögreglunni á Suðurlandi var málið upplýst samdægurs.



Hátíð var haldin í Tré og list í Forsæti í Flóahreppi þar sem Guðni Th. Jóhannesson kom í heimsókn til að heiðra Sigríði Jónu Kristjánsdóttur eða Siggú á Grund og kynna list hennar en Siggú hefur þróað listgáfu sína í yfir 70 ár.

Haustgildi, menning er matarkista, var haldin á Stokkseyri í annað sinn. Voru fleiri aðilar sem tóku þátt en á fyrri hátíðinni, viðburðir bættust við og ljóst varð að Haustgildi væri komið til að vera.

Lífland opnaði verslun að Austurvegi 69 á Selfossi. Opnun verlsunarinnar gekk vonum framar og lagði fjöldi fólks leið sína í verslunina.

Karlalið Hamars í blaki vann enn einn titilinn og varð meistari meistaranna eftir 3-0 sigur á KA.

Fjögurra tunnu kerfi og töluverðar breytingar á gjaldskrá sorphirðu í Árborg var kynnt, en kerfið tók gildi um áramót.

Október

Metfjöldi viðburða var í menningarmánuðinum október sem haldinn var í þrettánd sinn í Sveitarfélaginu Árborg en fjölbreytt dagskrá bauð upp á eitthvað fyrir alla aldurshópa.

Bjórhatíð Ölverk var haldin í þriðja sinn í gömlu ylræktarhúsi í Hveragerði. Alls voru 35 brugghús og framleiðendur hvaðanæva af landinu ásamt framleiðendum frá Grænlandi, Færeyjum og

Bretlandi sem kynntu framreiðslu sína á hátíðinni.

Regnbogahátíð Mýrdælinga fór fram með glæsilegri tónlistardagskrá og ýmsum listasýningum og öðrum viðburðum.

Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri náði þeim merka áfanga að verða 170 ára, en skólinn er elsti starfandi barnaskóli landsins.

Helga Guðrún Lárusdóttir tók, fyrst kvenna, við ritstjórnartitli Dagskrárinnar, fréttablaðs Suðurlands og DFS.is.

Tíu ungmenni hlutu forsetamerki Bandalags íslenskra skáta við formlega athöfn að Bessastöðum og voru þrjú þeirra, Arney Sif Ólafsdóttir, Bjarni Gunnarsson og Karen hekla Grønli frá Skátafélaginu Fossbúum á Selfossi.

Kaffi Krús á Selfossi fagnaði 30 ára afmæli sínu.

Hátt í 250 börn og unglingar léku á stórtónleikum í Iðu þegar Strengjamót var haldið á Selfossi þar sem strokhljóðfæranemendum af öllu landinu var boðið að taka þátt. Fiðlur, víólur, celló og kontrabassi.

Yfir 300 manns mættu á íbúafund á Sviðinu, nýjum tónleikastað Selfyssinga við Brúartorg. Á fundinum, sem Valdimar Bragason kynnti, var farið yfir næstu skref í uppbyggingu miðbæjarins og gáfst gestum færi á að sjá þrívíddarteikningar af því hvernig miðbærinn kæmi til með að líta út við verklok.

Rífandi fjör var á hrútasýningu Sauðfjárræktarfélags Hrunamanna sem fram fór í Reiðhöllinni á Flúðum.

Sextán Íslendingar kepptu í íslenskri torfæru í Bikinibotnum í Tennessee fylki í Bandaríkjunum. Það merkilegasta við keppnina var þó að þrjú efstu sætin vermdu engir nema sunnlendingar. Selfyssingurinn Geir Evert Grímsson landaði fyrsta sætinu á Sleggjunni og þeir Ingvar Jóhannesson á Víkingnum og Guðmundur Elíasson á Ótemjunni frá Vík voru í öðru og þriðja sæti.

Víkin, nýtt félagsheimili Stangveiðifélags Selfoss á Fossnesi við Ölfusá var vígt við hátíðlega athöfn, en húsið hafði verið í byggingu frá árinu 2016.

Jómfrúartónleikar Sviðsins, nýja tónleikastaðarins í miðbæ Selfoss voru haldnir þar sem Stuðmenn stígu á stókk ásamt Helga Björnssyni. Fóru tónleikarnir fram úr björtustu vonum aðstandenda Sviðsins og gestir skemmtu sér konunglega.

Hjalti Jón Kjartansson tók við embætti formanns frjálsíþróttadeildar UMF. Selfoss af Helga Sigurði Haraldssyni.

Nóvember

Aðalskoðun opnaði nýja skoðunarstöð við Eyraveg 51 á Selfossi.

Þórir Hergeirsson leiddi norska kvennalandsliðið til sigurs á EM þar sem Noregur lagði Danmörku í úrslitaleik mótisins. Var þetta í níunda sinn sem Þórir vinnur gull á stórmóti með norska liðinu.

Selfyssingurinn Elísabet Björgvinsdóttir sigraði í Söngkeppni NFSu með lagi Aretha Franklin A natural woman. Í öðru sæti var Huguína Tinna Róbertsdóttir sem söng Daddy s lessons með Beyoncé og í því þriðja var Ásrún Aldís Hreinsdóttir með lag Rihönnu, Love on the brain. Þá fékk Elín Karlsdóttir verðlaun fyrir frumlegasta atriðið en hún söng lagið Echoes með Pink Floyd.

Grímsnes- og Grafningshreppur var valinn Sveitarfélag ársins við hátíðlega athöfn í húsi BSRB en könnunin var framkvæmd af Gallup. Önnur sveitarfélög sem hlutu viðurkenningu voru Hrunamannahreppur, Flóahreppur og Bláskógabyggð.

Egill Blöndal landaði gullverðlaunum á Evrópumeistaramóti smáþjóða á Judo sem fram fór í Luxemborg. Egill glímdi af miklu öryggi og náði að tryggja sér sigur með armlás þegar um það bil þrjár mínútur voru liðnar af glímunni.

Fyrsta skóflustungan var tekin að Fjallaböðunum í Þjórsárdal. Um er að ræða metnaðarfulla uppbyggingu á baðstað og hóteli í Þjórsárdal sem áætlað er að verði komin í gagníð árið 2025

Óskar í Hruna sigraði í Blítt og létt, söngkeppni Menntaskólans að Laugarvatni en Óskar Snorri Óskarsson söng gamla Hljómaslagarann Lover man ásamt hljómsveit sinni Kóma og landaði fyrsta sætinu. Í öðru sæti var Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir sem flutti lagið Runnin´ með Beyoncé og í þriðja sæti var Hákon Kári Einarsson sem flutti lagið Slow Dancing in a Burning Room eftir John Mayer. Verðlaun fyrir skemmtilegasta atriðið fékk Teitur Snær Vignisson ásamt diskóbandinu Aðeins meira diskó, þeir fluttu More Than a Woman með Bee Gees.

Chrissie Telma Guðmundsdóttir hlaut Menningarverðlaun Suðurlands 2022 fyrir verkefnið Fiðlufjör. Verðlaunin eru samfélags- og hvatningarverðlaun á sviði menningar á Suðurlandi

Hinn 19 ára gamli Bjarki Breiðfjörð Björnsson frá Crossfit Selfoss varð Norðurlandameistari í ólympískum lyftingum þriðja árið í röð. Bjarki hefur sigrað í -73 kg flokki síðustu tvö ár en hann keppti nú í fyrsta skipti í -81 kg flokki junior. Þó að hann hafi færst upp um flokk þá kom það ekki í veg fyrir að hann næði í titilinn eftir hörku spennandi keppni í fjölmönnum keppendahópi.

Fyrsta og stærsta pílumót Selfossstögunnar fór fram í Hvíta húsinu á Selfossi þar sem Kristján Sigurðsson stóð uppi sem sigurvegari. Uppselt var á mótið og stemningin frábær.

„Þekktu rauðu ljósin - Soroptimistar hafna ofbeldi“ var slagorð íslenskra Soroptimista í ár í hinu alþjóðlega 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi. Átakið sem leitt er af Sameinuðu þjóðunum hófst 25. nóvember á degi Sameinuðu þjóðanna gegn kynbundnu ofbeldi og því lauk á mannréttindadegi Sameinuðu þjóðanna þann 10. desember. Um allan heim sameinast hin ýmsu samtök í því að vekja athygli á kynbundnu ofbeldi með margvíslegum hætti. Roðagylltur litur er einkenni átaksins, en hann á að tákna bjartari framtíð.

Áform Heidelberg Matereals um uppbyggingu risavaxinnar verksmiðju á 55 þúsund fermetra lóð á hafnarbakkanum í Þorlákshöfn olli ólgu meðal íbúa bæjarins. Fjöldi fólks mætti á íbúafund þar sem áhyggjuraddir íbúa komu skýrt fram.



Fjórar ungar Flóastúlkur gerðu sér lítið fyrir og sigruðu í Eftirréttakeppni grunskólanna sem haldin var í samstarfi við Klúbb matreiðslumeistara og Iðuna fræðslusetur. Þær Ásdís Eva Magnúsdóttir, Júlía Kolka Martinsdóttir, Svandís Atiken Sævarsdóttir og Þórunn Eva Ingvarsdóttir sem störfuðu undir handleiðslu

Iðunnar Ýrar Ásgeirsdóttur heimilsi-fræðikennar, buðu upp á skyrköku með kanilbotni og karamelluseruðum kók- os, panna cotta með hvítu súkkulaði og kartöflukanilköku með rjómaostakremi. Uppskrift af ómótstæðilegri kartöflukanilkökunni færðu þær svo lesendum Dagskrárinnar í jolablaði ársins.

Tilkynnt var um lokun Smiðjunnar í Mjólkurbúinu á Selfossi en þeir Andri Björn Jónsson og Árni Evert Leósson sem reka Takkó og Pasta Romano í Mjólkurbúinu ætla að opna nýjan hamborgara- og kjúklingastað sem hafði ekki enn hlotið nafn þegar þetta var skrifað.

Fyrsta skóflustungan að íbúðarkjarna fyrir fatlað fólk var tekin að Nauthaga 2 á Selfossi og vonast er til þess að íbúar geti flutt inn í lok janúar 2024.

Desember

Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, Fjóla S. Kristinsdóttir, bæjarstjóri í Árborg og Nichole Leigh Mosty, forstöðukona Fjölmenn-ingarseturs skrifuðu undir samning um samræmda móttöku flóttafólks í Árborg.

Veðrið lék sunnlendinga grátt, en eftir milt haust kyngdi niður snjó aðfaranótt 17. desember og hefur gengið á með miklu frosti og hverri gulu viðvöruninni á fætur annarri síðan.

Midgard Outfitters, ný verslun með útivistar- og veiðivörur opnaði að Austurvegi 11.

Sveitarfélagið Ölfus var með jákvæðan rekstur. Var samþykkt að lækka fasteignaskatthlutfall um 24,2% og stefnt er á innviðafjárfestingar upp á 9 milljarða á næstu 4 árum.

Danska verslunarkeðjan Ilva opnaði húsgagnaverslun að Austurvegi 69 á Selfossi.

Tveir ungir Ölfusingar, þeir Daníel E. Arnarson og Stefán Ólafur Stefánsson, hlutu viðurkenningar fyrir að vera framúrskarandi ungir Íslendingar. Daníel fékk viðurkenningu fyrir að hafa starfað ötulega að málefnum hinsegin fólks og hefur verið framkvæmdastjóri Samtakanna '78 frá árinu 2017. Stefán fékk viðurkenningu fyrir frumkvöðlastarf en hann stofnaði ásamt öðrum fyrirtækið Ekki gefast upp! Með það að markmiði að bjóða upp á líkasækt fyrir börn og ungmenni sem glíma við andlega vanlíðan s.s. kvíða og þunglyndi.

Davíð Kjartansson varði titil sinn sem Suðurlandsmeistari í skák á Suðurlandsmótinu sem haldið var í Hvolsskóla á Hvolsvelli.

Yfir 1000 manns sáu jólasýningu fimleikadeildar Selfoss sem var með Encanto þema í ár.

Bæjarstjórn Hveragerðis samþykkti að setja 1. áfanga nýrrar Hamarshallar í alútbóð. Stefnt er á að afhenda fótboltasal í september 2023 og að áfangi eitt verði fullbúinn í byrjun desember sama ár.

Tilkynnt var um lokun verslunar Mistilteins að Brúarstræti á Selfossi, en verslunin hafði verið starfrækt þar í um eitt ár.

Móberg á Selfossi fékk heiðursverðlaun Arkitektúruppreisnarinnar fyrir fallegustu nýbyggingu á Íslandi.

Landsvirkjun og Landeldi sömdu um sölu og kaup á allt að 20 MW raforku til nýrrar laxeldisstöðvar Landeldis í Þorlákshöfn.

Fjölbautarskóli Suðurlands brautskráði 34 nemendur og Guðmunda Þórunn Þorvarðardóttir var Dúx skólans.

Selfyssingurinn Ómar Ingi Magnússon hlaut aftur titilinn íþróttamaður ársins eftir frábært ár í handknattleik og Þórir Hergeirsson var sömuleiðis valinn þjálfari ársins annað árið í röð.

Íþróttir



Samningur fjögurra sveitarfélaga við Hestamannafélagið Jökul

Sveitarfélögin fjögur í Upp-sveitum Árnessýslu, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur undirrituðu í dag samstarfssamning við Hestamannafélagið Jökul. Tilgangur samningsins er m.a. að efla samstarf sveitarfélaganna

og Hmf. Jökuls, tryggja öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf fyrir börn og unglinga og efla starf félagsins. Áhersla er á fagmennsku og þekkingu í starfi félagsins og forvarnir með fræðslu til iðkenda og starfsmanna um skaðsemi vímuefna, einelti, kynbundið áreiti, kynferðislegt áreiti eða ofbeldi. Í

samningnum, sem gildir út árið 2026, er kveðið á um árlegan fjárhagslegan stuðning sveitarfélaganna við félagið. Á myndinni, sem var tekin í reiðhöllinni á Flúðum, eru forsvarsmenn sveitarfélaganna og forsvarsmenn Hmf. Jökuls.

Íþróttaskólinn hefst 22. janúar

Skráning í íþróttaskóla Símfleikadeildar Selfoss sem hefst 22 janúar nk. er hafin.

Námskeiðið sem er fyrir börn fædd á árunum 2017-2022 er 12 skipti og kennt alla sunnudaga.

Nánari upplýsingar á www.sportablar.com/shop/umfs/fimleikar. Einnig má senda fyrirspurn á fimleikar@umfs.is. Umf. Selfoss

Ívar Ylur í úrvalshópi FRÍ

Ívar Ylur Birgisson frá Mó-Íeiðarhvoli, hefur verið valinn í Úrvalshóp FRÍ 2022-2023 en í hópnum eru 30 íþróttamenn. Ívar Ylur kemst í hópinn vegna góðs árangurs í 100 m grindahlaupi utan-húss enda hefur hann staðið sig þrýðisvel á árinu sem er að líða.

Aðsent

Albert Gatilov í Selfoss

Hinn 22 ára gamli Albert Gatilov hefur skrifað undir samning við knattspyrnudeild Selfoss. Albert er fæddur og uppalinn í Úkraínu og kom hingað til lands fyrr á þessu ári. Albert getur leyst flestar stöður framarlega á vellinum. Hann var í unglingaakademíu stórlíðsins Shakhtar Donetsk en hefur undanfarin ár spilað í neðri deildum Úkraínu.

Við bjóðum Albert hjartanlega velkominn til klúbbsins og hlökkum til framhaldsins með honum!

Umf. Selfoss

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysrla@keysrla.is - www.keysrla.is - [f /keysrla.is](https://www.facebook.com/keysrla.is)

prentmet Oddi

heildarlausnir í prentun

Láttu sérfræðinga okkar aðstoða við að finna bestu, hagkvæmustu og umhverfisvænustu leiðina fyrir þig.

Umbúðir

Almenn prentun

Bækur

Límmiðar

Stimplar

Prentmet Oddi ehf. | Eyraveggi 25, 800 Selfoss
Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is

BÓKIN

LANDNÁM Í RANGÁRÞINGI

ER KOMIN ÚT

Höfundar Þórður Tómasson og Gunnar frá Heiðarbrún.

Minnt er líka á bækurnar Veidivötn á Landmannafrétti I-II og Leitinn að Njálhögfunði.

Upplýsingar í síma 855 5098 og um netfangið gunnhei@mi.is.

DAGSKRÁIN

FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundur á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi
Polskie mitingi aa grupa krukus.
Poniedziałek i czwartek godzina
19:00. Hrísholti 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



**SKRIFSTOFA
FEBSEL**
Opnum aftur
fim. 12. janúar 2023.

**Stundarskrá fyrir
vorönn er í vinnslu
og verður birt í
næstu Dagskrá.**

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR

S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyrangei 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf
skattskil**

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2277

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti



KIETTUR
Bífreiddaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bífreidda og
almennar bílavíðgerðir.

Hjólástillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

KIRKJUR

Selfosskirkja
Messað verður í Selfosskirkju 8.
janúar kl. 11. Sr. Arnaldur
Bárðarson þjónar fyrir altari. Kór
Selfosskirkju syngur undir stjórn
Edit Molnár organista. Eftir
messuna er boðið upp á súpu
og brauð í safnaðarheimilinu
gegn vægu gjaldi. Þá hefst
sunnudagaskólinn kl. 11 í safnaðarheimilinu. Verið öll hjartanlega velkomin.

Skólholtsdómkirkja
Síðasta messa fyrir lokun á
Skólholtsdómkirkju verður
sunnudaginn 8. janúar kl. 11.00.
Sr. Kristján Björnsson og sr.
Dagur Fannar Magnússon munu
þjóna fyrir altari. Kór
Skólholtskirkju mun leiða söng
undir stjórn og undirleiks Jóns
Bjarnasonar.

Skólholtsdómkirkja verður
lokuð í kjölfarið vegna framkvæmda um óákveðinn tíma.

Hrepphóla kirkja
Nýársmessa sunnudaginn 8.
janúar kl. 11. Kirkjukórinn syngur
undir stjórn Stefáns Þorleifssonar
organista. Þjóðlegur hádegis-
verður á eftir. Verið öll hjartanlega velkomin.

Aðventistar
Safnaðarheimili aðventista,
Eyrangei 67, Selfossi, 7. janúar.
Bíblíulexíur kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12. Verið velkomin. Hugheilar óskir um gleðilegt nýtt ár.

HEILSA

**Nudd –
Svæðanudd**
Dáleiðsla

**Augnlestur og
heilsuráðgjöf**
**Einföld en áhrifarík
ráð við ýmsum
heilsuvandamálum**

Alla fimmtudaga í
Heilsulindinni Miðgarði,
Austurvegi 4, Selfossi.

Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Krílafló fær nýja eigendur

Mánudaginn 2. janúar sl. tók Jóhanna Þorvaldsdóttir við rekstri Krílafló, básaleigu fyrir ný og notuð fót á Selfossi, af Pálinu Agnesi Kristinsdóttur. Jóhanna nýtur dyggrar aðstoðar frá eiginmanni sínum Baldvini Inga Gíslasyni í þessu nýja verkefni. „Ég tók formlega við í gær og er að kynna ferlinu öllu, þetta er mjög spennandi. Við ætlum að halda sama fyrirkomulagi á versluninni og ætlum okkur ekki í neinar stórvægilegar breytingar til að byrja



með. Áherslurnar verða allar þær sömu en langtímamarkmiðið er bara að gera meira úr þessu,“ segir Jóhanna glöð í bragði í samtali við Dagskrána.

Meira jafnræði og gagnsæi í styrkjum til stjórnmalasamtaka

Á fundi bæjarstjórnar í Hveragerði þann 24. nóvember sl. voru samþykktar nýjar reglur um styrki til stjórnmalasamtaka sem bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum í bænum. Sveitarfélögum er skylt að veita slíka styrki lögum samkvæmt en sveitarstjórnunum falið að útfæra þá. Í gildi höfðu verið reglur síðan 2017 þar sem styrkir til stjórnmalasamtaka voru þrenns konar, þ.e. beinn fjárstyrkur, kaup á auglýsingu í blöð stjórnmalasamtaka og niðurfelld fasteignagjöld til stjórnmalasamtaka sem áttu fasteignir.

Nýjar reglur

Nýjar reglur eru til að auka jafnræði og gagnsæi í fjárframlögum til stjórnmalasamtaka og taka mið af viðmiðunarreglum sem Samband íslenskra sveitarfélaga setti um slík framlög árið 2019. Meginbreytingin frá eldri reglum er að hætt er að fella niður fasteignagjöld til húsnæðis sem stjórnmalasamtök eiga. Með þessu er aukin jafnræði í styrkjum til stjórnmalasamtaka og þeim ekki mismunað eftir því hvort að þau eiga fasteign eða kjósa að leigja húsnæði undir starfsemi sína til lengri eða skemmri tíma. Í nýjum reglum er beinn fjárstuðningur hækkaður er það því val stjórnmalasamtaka hvort að þau noti styrkinn til að greiða niður fasteignagjöld og annan rekstrarkostnað af fasteign sem þau eiga eða leigja húsnæði. Í eldri reglum var enginn styrkur til leigu á húsnæði hjá þeim sem ekki áttu fasteign.

Sjálfstæðisflokkurinn á móti

Nýjar reglur um styrki til stjórnmalasamtaka voru samþykktar með meirihluta atkvæða bæjarfulltrúa Okkar Hveragerðis og Framsóknar en Sjálfstæðisflokkurinn kaus á móti reglunum. Í umræðu í bæjarstjórn og í bókun um málið kom fram að Sjálfstæðisflokknum fannst sér vera mismunað með þessum nýju reglum en flokkurinn hefur undanfarin ár fengið niðurfelld fasteignagjöld af eign sinni. Í umræðum bar Sjálfstæðisflokkurinn saman styrki til stjórnmalasamtaka og þjónustusamninga sem Hveragerðisbær hefur gert við frjáls félagasamtök í bænum. Þar er þó verið að bera saman epli og appelsínur. Fjárfraamlög sem Hveragerðisbær veitir til frjálsra félagasamtaka (t.d. Hamars, leikfélagsins, hjálparseitarinnar, golfklúbbsins o.s.frv.) er á grundvelli sérstaks þjónustusamnings sem



er gerður á milli aðila. Í þeim samningum er kveðið á um framlög Hveragerðisbæjar til viðkomandi félaga sem á móti sinna tiltekinni þjónustu til íbúa og/eða sveitarfélagsins. Dæmi um slíkt er þátttaka í viðburðum á vegum bæjarins, t.d. þátttöku Hestamannafélagsins Ljúfs og Skátafélagsins Stróks í viðburðum á 17. júní og leikfélagsins í fjölskylduskemmtun við tendrun á jólatré bæjarins. Hjá þeim félagasamtökum sem eiga húsnæði hefur hluti styrksins verið að Hveragerðisbær greiðir fasteignagjöld þeirra. Styrkir til stjórnmalasamtaka er lögbundinn og í þeim er því ekki kveðið á um að þau eigi að veita tiltekna þjónustu. Þetta er sem sagt tvennt ólíkt, annars vegar lögbundinn styrkur og hins vegar framlag á grundvelli þjónustusamnings.

Heildarlækkun styrkja og engin mismunun lengur

Með nýjum reglum lækkar heildarupphæð framlaga Hveragerðisbæjar til stjórnmalasamtaka að meðaltali um 8% frá því sem var. Þá er stjórnmalasamtökum ekki lengur mismunað í styrkveitingum eftir því hvort að þau eiga fasteign eða ekki en í eldri styrkreglum fengu þau stjórnmalasamtök sem áttu fasteignir hærri styrk frá Hveragerðisbæ sem nam niðurfellingu fasteignagjalda. Til fróðleiks er hér birt tafla sem sýnir muninn á styrkjum til stjórnmalasamtaka skv. nýjum og eldri reglum og hvernig þessir styrkir dreifast á þau stjórnmalasamtök sem nú eiga fulltrúa í bæjarstjórn. Rétt er að taka fram að samkvæmt lögum dreifst beinn fjárstyrkur til stjórnmalasamtaka samkvæmt úrslitum kosninga.

Njörður Sigurðsson
Bæjarfulltrúi
Okkar Hveragerðis

	% atkvæða í sveitarstjórnarkosningum 2022	Nýjar reglur frá 2022			Eldri reglur frá 2017		
		Beinn fjárstyrkur 2023	Auglýsingar í blöð stjórnmalasamtaka	Samtals	Beinn fjárstyrkur 2022	Niðurfelld fasteignagjöld	Auglýsingar í blöð stjórnmalasamtaka
Okkar Hveragerði	39,6%	239.236	60.000	299.236	138.740	0	60.000
Sjálfstæðisflokkur	32,8%	198.076	60.000	258.076	114.870	320.000	60.000
Framsókn	27,5%	166.210	60.000	226.210	96.390	0	60.000
	100,0%	603.522	180.000	783.522	350.000	320.000	180.000
							850.000

Vangaveltur um mannlegt eðli og hnyttinn texti heilla mig

segir lestrarhesturinn Helga Þorbergsdóttir

Helga Þorbergsdóttir hjúkrunarfræðingur í Vík í Mýrdal er fædd árið 1959. Hún sleit barnsskónum í Bolungavík og æskuárin bjó hún á höfuðborgarsvæðinu. Auk hjúkrunar- og sjúkraflutninganáms hefur Helga meðal annars lagt stund á heilsuhagfræði, heimspeki og starfstengda siðfræði. Hún er gift Sigurgeiri Má Jenssyni lækni og eiga þau 4 börn og 10 barnabörn. Sigurgeir og Helga hafa unnið á Heilsugæslustöðinni í Vík í tæp 40 ár. Auk starfa sinna þar hefur Helga setið í sveitarstjórn og tekið þátt í fjölbreyttu samfélagsstarfi. Hún hefur ásamt eiginmanni sínum stundað skógrækt í Mýrdal og uppsveitum Árnessýslu.

Hvaða bók ertu að lesa núna?

Nýlega kom út mikil merkisbók Lifað með öldinni. Vinkona mín Salvör Nordal gaf mér bókina og hef ég að undaförnu verið að lesa hana. Þetta er aldarspeill þar sem Jóhannes Nordal fyrirverandi seðlabankastjóri rekur sína sögu og samtímans á áhrifamikinn hátt. Þegar kemur að vörðum á seinni hluta tuttugustu aldar fer ég að kannast vel við umfjöllunarefnin og það er gaman að skyggast á bak við tjöldin. Á borðinu mínu var skáldsagan Snerting eftir Ólaf Jóhann Ólafsson hálflesin þegar ég fór að glugga í aldarspeil Jóhannesar. Sú bók kom út 2020 og las ég hana þá og það er gott að lesa hana aftur. Bækur Ólafs höfðu til mín og spila skemmtilega á tilfinningar og huga.

Hverskonar bækur höfðu helst til þín

Ég les allskonar bækur. Sumar les ég hratt en aðrar hægar. Bækur sem hreyfa við mér höfðu til mín, hvort sem um er að ræða skáldsögur, ljóð eða fræðibækur. Vangaveltur um mannlegt eðli og hnyttinn texti heilla mig. Dæmi um bók sem hreyfði við mér er 1984 eftir George Orwell sem ég las fyrir margt löngu í heimspekiáfangi. Bókin var skrifuð 1948 en tölum í ártali er víxlað og ógnvænleg framtíðarsýn birtist. Sýn Orwells talar enn til samtímans. Stóri bróðir fylgisti með og menn eru stöðugt í stríði. Sigurvegararnir endurskrifa söguna þannig að engin leið er að festa hönd á staðreyndum. Um hver

jól berast margar skáldsögur íslenskra höfundar inn á heimilið. Stórfjölskyldan hittist og við skiptumst á bókum.

Fékkstu lestraruppeldi?

Ég sleit barnsskónum í Bolungavík í faðmi stórfjölskyldu, sjónvarpið kom seint vestur og bóklestur var almennur. Föðurafi minn hafði gaman af að kenna mér langar sagnapúlur sem gengið höfðu í munnmælum. Þetta þuldi ég og sá fyrir mér mannskapinn sem fjallað var um. Ég varð snemma læs og elskaði að lesa. Ég lifði mig inn í líf söguhetjanna og tók þátt í ævintýrum þeirra, sorgum og gleði, mín veröld hvarf og ég ferðaðist víða. Ég man eftir mér ungri líklega 5 ára með Dísu ljósálf, dvergurinn Rauðgrani og Alfinnur álfakóngur voru á kantinum. Ég sé bókina fyrir mér, byrjaði á blaðsíðu þrjú og svo þegar ég fletti varlega blásti við mynd þar sem vængirnir voru klipptir af Dísu. Ég fann til og grét. Það var mikið til af bókum á heimilinu og ég fékk bækur í afmælis- og jólagjafir. Ég gleypði þær allar í mig og ekki síður fannst mér varið í bækur sem eldri bróðir minn fékk í sínum pökkum. Anna í Grænuhlíð og Pollýanna voru í uppahaldi. Þær bækur voru í gömlu bandi frá bernsku mömmu. Bækur Enid Blyton svöluðu ævintýrþrá heimasættunnar í Miðstræti 14.

Krakkar sem leystu ráðgátur og fólk á ferð og flugi voru hetjurnar. Nancy Drew, Rósa Bennett, Kim og Frank og Jói. Þetta þróaðist svo yfir í ástarsögur og Alistair McLean og félagi. Ég var fastagestur á bókasafninu í Bolungavík og reyndi snemma að seilast í bækur sem bóka-vörðurinn sagðist ekki viss um að væru barnabækur. Ég flutti 13 ára í Kópavog og það voru talsverð umskipti. Þá sökksti ég mér í lestur og hvarf á vit ævintýra og stundum þyngri vangaveltna.

Í neðstu bókahillunni á skrifstofu pabba voru óinnbundnar bækur. Ég leitaði þarna inn og dró af handahófi út bók og las. Þarna man ég eftir að hafa gluggað í Speki stóu og kristni. Þessi fræði og hin stóíska ró komu seinna til mín ljóslifandi í heimspekítíma hjá Páli Skúlarsyni. Önnur kilja sem ég greip



úr skápnum var eftir Stefan Zweig með formála um ævi og ævilok höfundar og sú frásögn kallaði fram þyngsli í brjósti unglingsins. Þarna var að finna söguna Manntafl. Mér fannst hún mögnuð.

Hvernig lýsir þú lestrarvenjum þínum?

Frá því ég var barn hef ég haft bækur á náttborðinu og lesið fyrir svefninn. Undanfarin ár hef ég vaknað kl. 05:40 og skellt mér í sund. Þetta þýðir að ég er varla lögst á koddann þegar ég er sofnuð. Ég sæti lagi og les þegar færi gefst. Bók Kristínar Marju Baldursdóttur Karitas án titils las ég að sumri til ein í litlum arabáti eldsnemma morguns úti á miðju Botnlangalóni. Ég er ekki áskrifandi að Storytel, en ég er með Blinkist sem er fyrirbrigði sem ég nota allnokkuð. Hef þetta stundum í eyrunum í göngutúrum. Þarna taka menn hinar ýmsu fræðibækur og setja þær fram í stuttum greinum. Síðustu bækurnar sem ég hlustaði á voru The story of Philosophy, the miracle of mindfulness og lifespan, why we age.

Hefur bók einhvern tíma rænt þig svefni?

Ég hef oft vakað fram undir morgun til að klára góða bók.

Áttu þér uppáhaldshöfunda?

Sú upptalning yrði bæði breytileg og löng. Höfundar sem hreyfa við mér með skrifum sínum heilla mig.

En að lokum Helga, hvernig bók myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ég myndi skrifa sögulega skáldsögu.

Umsjón með Lestrarhesti hefur Jón Özur Snorrason – jonozur@gmail.com



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19

Garðabær

harpa@harpautfor.is

harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Auglýsing um skipulagsmál í Rangárþingi eystra



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýst eftirfarandi tillögur að deiliskipulagi í Rangárþingi eystra.

Voðmúlastaðir - Deiliskipulagstillaga

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir 5 byggingarreitum sem hver um sig er 900 m² að stærð. Á hverjum reit er heimilt að byggja allt að 60 m² gestahús til útleigu fyrir ferðamenn.

Rjómabúið - Deiliskipulagstillaga

Deiliskipulagið fyrir Rjómabúið nær til 1,7 ha spildu úr landi Bollakots L163995. Gert er ráð fyrir gestahúsum ásamt þjónustuhúsi, eða að hámarki 5 hús. Mænishæð húsa er allt að 6,0m mv. gólfhæð. Aðkomuvegur verður frá Bollakotsvegi.

Uppsalir - Deiliskipulagsbreyting

Breytingin felst í því að gerð er ný lóð, Uppsalir 4 sem er 3,0 ha að stærð. Heimilt verður að byggja íbúðarhús/bílskúr, allt að 250 m², gestahús allt að 50 m² og skemmu allt að 250 m².

Völlur 2 - Deiliskipulagstillaga

Deiliskipulagið nær til ca 1,2 ha lands úr landi Vallar 2 L164207, ntt. Vallarhorn. Gert er ráð fyrir allt að 250 m² íbúðarhúsi og allt að 300 m² skemmu. Mænishæð bygginga er allt að 8,0m.

Ofangreindar deiliskipulagstillögur er hægt að skoða á heimasíðu Rangárþings eystra, www.hvolsvollur.is og á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa frá 4. janúar nk. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til 15. febrúar nk. Athugasemdum skal skila skriflega á skrifstofu skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra, Austurvegi 4, 860 Hvolsvelli.

Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt skipulagslýsing fyrir gerð deiliskipulags í Rangárþingi eystra.

Miðeyjarhólmur - Deiliskipulagstillaga

Um er að ræða lýsingu að skipulagsverkefni á jörðinni Miðeyjarhólmur. Helstu markmið skipulagsins eru að afmarka byggingarreiti fyrir íbúðarhús og landbúnaðarbyggingar ásamt heimreiðum að bæjarhúsunum frá Hólmabæjarvegi og Þjóðvegi 1.

Ofangreind skipulagslýsing verður kynnt fyrir almenningi með opnu húsi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa að Austurvegi 4, Hvolsvelli, mánudaginn 9. janúar nk. frá kl. 10:00 – 12:00. Einnig verður tillagan aðgengileg á heimasíðu Rangárþings eystra www.hvolsvollur.is. Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemd við skipulagslýsingu og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 18. janúar nk.

F.h. Rangárþings eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Skipulags- og byggingarfulltrúi



Eva María og Aron Emil stóðu upp úr á árinu

Uppskeruhátíð frístunda- og menningarnefndar Árborgar var haldin hátíðleg 29. desember síðastliðinn. Hátíðin var haldið á Hótel Selfossi og mætti fjöldi fólks til þess að styðja við og fagna með öllu því flotta íþróttafólki sem er í Árborg.

Athöfnin hófst á setningaræðu Kjartans Björnssonar, formanns frístunda- og menningarnefndar. Veittar voru viðurkenn-

ingar til þeirra sem hafa fengið Íslandsmeistara- og bikarmeistaratitil á árinu og ljóst var að Árborg er rík af meisturum þar sem að um hundrað viðurkenningar voru veittar. Hvatningarverðlaun voru veitt að venju og þau hlaut heilsuefling eldri borgara.

Á þessari uppskeruhátíð er venjan að krýna íþróttafólk Árborgar. Að þessu sinni voru

23 efnilegir einstaklingar tilnefndir. Sérstök valnefnd kaus í kjörinu með 80% vægi á móti netkostningu. Góð þátttaka var í netkosningunni en um 2000 atkvæði bárust inn. Eva María Baldursdóttir, frjálsíþróttakona frá Umf. Selfoss var kjörin íþróttakona ársins og Aron Emil Gunnarson, kylfingur úr Golfklúbbi Selfoss var kjörinn íþróttamaður ársins.



Heilsuefling eldri borgara fengu hvatningarverðlaun. Mynd: Dagskráin/HGL



1., 2. og 3. sætið í vali íþróttakonu og -karls ársins. Mynd: Dagskráin/HGL

Pípulagnir Júlla

Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir

Sími 772 1456 - ornja@bt.net.is - www.pipulagnirjulla.is

FRÖST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIDI 9, SELFÖSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FRÖST.IS



Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

**Tækniþjónusta
Suðurlands ehf.
Selfossi**

Sjónvarpskerfi
fyrir hótél og gistihús

Öryggiskerfi

Eftirlitsmyndavélakerfi

Hljóðkerfi

Símkarfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Guðmundsson Vilmundur Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

**expert
kæling**

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápa viðgerðir - Almennar raflagnir



**HREINGERINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.**

Allar ræstingar

Steinteppabreinsun, teppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.

Sími 897 8444

Heint um allt Suðurland

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsníði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980



Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009



Fæst hjá
BYKO Selfossi



BÓLSTRUN

Jóel FR. Jónsson
s. 893 4656
galleri@simnet.is

**Rétting
og málun**

Vottað rétttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun

Breiðumýri 1, Selfossi

☎ 480 8020



Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem fagmennirnir vinna

★★★★★ Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi

Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is



Lagnabjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala

482 2311 ☎ 696 2311

Skrifstofa Þjónustusími



Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson

Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar

Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is



**Vinnuvélanámskeið
á netinu!**

www.vinnuvelaskolinn.is